



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



LEIKSKÓLINN HRAUNBORG



LEIKSKÓLINN
HRAUNBORG

STARFSÁÆTLUN 2026 - 2027

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1.	Greinargerð leikskólastjóra	3
2.	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026	4
2.1	Innra mat.....	4
2.2	Ytra mat.....	5
3.	Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027.....	6
4.	Starfsþróunarsamtöl.....	8
5.	Fræðsla almennt út frá umbótaáttum leikskólans	8
6.	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	8
7.	Foreldrasamstarf	10
8.	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	11
9.	Þróunarverkefni.....	13
10.	Fylgiskjöl:	15
10.1	Innra mat Þrastalands 2025-2026.....	15
10.2	Umbótaáætlun Þrastalands 2026-2027	16
10.3	Innra mat Spóalands 2025-2026	19
10.4	Umbótaáætlun Spóalands 2026-2027	20
10.5	Innra mat Lóulands 2025-2026	22
10.6	Umbótaáætlun Lóulands 2026-2027	23
10.7	Umsögn foreldraráðs.....	25



1. Greinargerð leikskólastjóra

Haustið 2025 fór vel af stað hjá okkur, aðlögun á milli deilda gekk mjög vel og aðlögun nýrra barna einnig. Göngum við sátt frá þessu skólaári, við höfum áorkað miklu og flest okkar markmið hafa staðist, þó að við viljum alltaf gera betur.

Hlutverk starfsfólks í sjálfsprottnum leik var eftt en frekar og hefur aðgengi barnanna að efnivið og nýting rýma í leikskólanum aukist. Starfsfólk er mjög meðvitað um mikilvægi þess að taka þátt í sjálfsprottnum leik barnanna. Samvinna á milli deilda er öflug og unnið við ýmis verkefni þvert á deildarnar, þó sérstaklega á milli 2ja eldri deildanna.

Í ágúst 2025 byrjuðum við með matstofu fyrir 2 elstu deildarnar og hefur þessi breyting haft mikil og góð áhrif á starfið okkar. Í matstofunni ríkir lýðræði og börnin hafa öðlast meira frjálrsræði og sjálfstæði. Þau skammta sér sjálf á diskana og þegar þau eru búin að borða þá fara þau aftur inn á deild og halda áfram að leika sér.

Leikskólinn hlaut Regnbogavottun um haustið, allt starfsfólk sótti námskeið og fræðslu og unnin voru verkefni. Um miðjan maí héldum við Litahlaup hér í leikskólanum til að fagna fjölbreytileikanum.

Í vetur höfum við tekið þátt í verkefninu Kynslóðir tengjast í samstarfi við Suðurmiðstöð og Gerðuberg. Verkefnið gengur út á það að 5-6 börn í næst elsta árgangi fara í heimsókn í Gerðuberg og hitta þar fyrir eldri borgara og eiga þar skemmtilega stund saman sem samanstandur af ýmsum æfingum sem þjálfa heilahvelin og auka hreyfifærni. Börnin fara alltaf með tösku með sér sem inniheldur hin ýmsu spil, púsl, kubba eða dót sem þeim langar til að kynna fyrir eldri borgurunum og þau enda alla tíma á því að opna töskuna og leika saman.

Í nóvember þá fengu við lánað safnaðarheimilið í Fella- og hólakirkju og vorum þar ásamt starfsfólki Hólaborgar á skyndihjálparnámskeiði.

Við fengum til okkar talmeinafræðing á skipulagsdegi til að kynna fyrir starfsfólki LÆM verkefnið og hefur það styrkt okkur í starfi. Gengið hefur vel að vinna með LÆM og erum við komin vel af stað en þar sem þetta er stórt og viðamikilið verkefni þá ætlum við að halda áfram með LÆM sem umbótaþátt.

Agastefnan Jákvæður agi hefur verið stór þáttur í starfi okkar í nokkur ár. Haustið fór vel af stað og á hverjum starfsdegi/starfsmannafundi fórum við yfir ákveðna þætti sem við vildum leggja áherslu á. Eftir áramót gekk ekki eins vel og ætlum við því að hafa Jákvæðan aga sem umbótaþátt til að festa þetta en betur í sessi hjá okkur.





Flestir starfsmenn fengu amk eitt starfsþróunarsamtal á síðasta skólaári ásamt því að dyr leikskólastjóra standa alltaf opnar og voru mörg óformleg samtöl sem áttu sér stað.

Leikskólastjóri hélt áfram að taka þátt í að halda utan um lærdómssamfélag leikskólastjóra, sat í Öryggisnefnd SFS og frá og með haustinu mun leikskólastjóri líka sitja í Öryggisnefnd Reykjavíkurborgar.

Við horfum björtum augum til næsta skólaárs, ekki er fyrir séð að miklar mannabreytingar verði hjá okkur og áhersluþættir leikskólans eru skýrir. Aðaláherslan verður á umbótaþættina okkar, sköpun og félagsfærni og vinna meira með Regnbogavottunina.

2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

2.1 Innra mat

Hvað var metið?	Leikurinn
Hvernig fór matið fram?	Á stjórnendateymisfundum, deildarfundum og starfsdögum
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allt starfsfólk
Helstu niðurstöður mats	Starfsmenn eru mun meðvitaðir um gildi leiks sem kennsluaðferð. Flest allir eru meðvitaðir um þau ólíku leikform barnanna og hvernig þau birtast. Starfsfólk er betur meðvitað um tilgang leiksins og hvað hann er mikilvægur fyrir nám og þroska barnanna. Rými leikskólans eru betur nýtt fyrir leik barnanna og starfsfólk meðvitað um mikilvægi þess að hafa fá börn í hóp. Alltaf er samt hægt að gera betur og er stefnan tekin á að halda áfram og kynna mikilvægi leiksins fyrir nýjum starfsmönnum. Við þurfum stöðugt að vera að greina námsumhverfið og efnivið með það að markmiði að auðvelda börnunum að hefja og viðhalda leik sjálf. Starfsfólk hefur verið mjög duglegt að styðja við leikinn án þess að stýra honum. Einnig hefur dagskipulagið verið endurskoðað til þess að skapa meira rými fyrir sjálfsprottinn leik. Breyttum við til dæmis matartímum barnanna og kaffitímum starfsmanna.





Hvað var matið?	Læsi
Hvernig fór matið fram?	Á stjórnendateymisfundum, deildarfundum og starfsdögum
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allt starfsfólk
Helstu niðurstöður mats	LÆM verkefnið tengist þessum umbótaþætti. Við höfum átt í mjög góðu samstarfi við ráðgjafateymið í Suðurmiðstöð og hafa þau komið og verið með fræðslu í leikskólanum fyrir starfsfólk, sem hefur verið algjör lykilorð í hvað þetta hefur gengið vel. Einnig hefur viðvera talmeinafræðings hjálpað okkur mikið, því auðvelt er að fá ráðgjöf og endurgjöf. Við höfum nýtt Orðaskil fyrir 2ja ára börn, EFI-2 fyrir 3ja til 4ra ára börn og HLJÓM-2 fyrir elstu börnin. Eftir áramót höfum við verið með K-PALS fyrir elstu börnin og sjáum við miklar framfarir hjá þeim börnum. Þar sem LÆM verkefnið fékk áframhaldandi styrk þá ætlum við að halda áfram með þennan þátt sem umbótaþátt og þróa starfið enn meira og þá aðallega með málörvun og fjölbreyttar kennsluaðferðir í huga.

2.2 Ytra mat

Hvað var matið?	Starfsmannakönnun
Hvernig fór matið fram?	Starfsmenn svöruðu könnun sem þeir fengu senda í tölvupóst
Hverjir tóku þátt í matinu?	11 starfsmenn svöruðu
Helstu niðurstöður mats	Samkvæmt niðurstöðum þá er mikil virðing á meðal starfsmanna, starfsfólk fær sömu tækifæri til starfsframa óháð kyni. Starfsfólk er duglegt að styðja og hvetja hvort annað. Starfsmenn upplifa sveigjanleika. Tækifæri til úrbóta er að auka hljóðvist, lýsingu og bæta skrifstofuaðstöðu. Nú þegar er byrjað að skipta út lömpum í leikskólanum.



3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Þeir þættir sem eru metnir yfir **allan leikskólann í heild sinni**. Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna.

Umbætur skulu taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur-innra mat	
Umbótaþáttur	Læsi
Tækifæri til umbóta	Í ljósi þess að LÆM verkefnið fékk úthlutaðan áframhaldandi styrk frá B hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs Reykjavíkurborgar er mikilvægt að halda áfram að þróa vinnuna innan veggja leikskólans. Við ætlum að halda áfram að efla málþroska og læsi barna með áherslu á snemmtæka íhlutun, fjölbreyttar kennsluáferðir og að starfsfólk taki höndum saman í LÆM verkefni Breiðholts.
Aðgerðir til umbóta	Halda áfram að nýta Orðaskil, málþroskaskimun fyrir 2 ára börn, EFI-2 málþroskaskimun fyrir 3 og 4 ára börn og HLJÓM-2 fyrir elstu börnin. Muna að gæta að þeim börnum sem detta á milli prófa- nýta þá eldri niðurstöður í þannig tilfellum. Funda reglulega með LÆM-teymi leikskólans. Teymið nýtir niðurstöður skimana til að skipuleggja markvissar málörvunarstundir fyrir þau börn sem þess þurfa. Allt starfsfólk hjálpast að við að skapa læsishvetjandi umhverfi. Elsti hópur leikskólans fer í K-PALS eftir áramót sem hluti af því að tryggja samfellu í læsinnámi barna milli leik- og grunnskóla hverfisins.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026 – vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Verður metið á stjórnendateymisfundum, deildarfundum og út frá fundargerðum LÆM teymis.
Viðmið um árangur	Skimanir framkvæmdar og niðurstöður nýttar í skipulagningu. LÆM teymi hittast reglulega og gera fundargerðir.



	<p>Skráningar eiga að sýna aukna áherslu á læsi og málörvun í daglegu starfi.</p> <p>Börn sýni framfarir í málþroska samkvæmt skimunum og athugunum.</p> <p>Samstarf við grunnskóla og sérfræðinga sé virkt og reglulegt.</p>
--	---

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur-innra mat

Umbótaþáttur	Jákvæður agi
Tækifæri til umbóta	Jákvæða aga teymið sem er starfandi við leikskólann hittist á 4ra vikna fresti og leggi línurnar og svo í framhaldinu er farið yfir það á deildarfundum og skipulagsdögum/starfsmannafundum. Að unnið verði með þá áhersluþætti sem rætt er um í 4 – 8 vikur og svo verður metið á deildarfundum og teymisfundum hvernig gengur.
Aðgerðir til umbóta	Jákvæða aga teymið mun funda á 4ra vikna fresti og ákveða áhersluþættina fyrir næstu 4-8 vikurnar. Teymið undirbýr líka fræðslu sem fer fram á deildarfundum og skipulagsdögum/starfsmannafundum. Við þurfum að ná betri samfellu í þessa vinnu og teljum að með því að hafa þetta sem umbótaþátt að þá gangi þetta betur. Einnig er stefnan sett á að amk einn starfsmaður frá hverri deild og úr sérkennsluteyminu fari á réttindanámskeið í Jákvæðum aga.
Ábyrgð	Jákvæða aga teymið og stjórnendateymi
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026 – vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Verður metið á stjórnendateymisfundum, deildarfundum og út frá fundargerðum Jákvæða aga teymisins.
Viðmið um árangur	Að allt starfsfólk sé meðvitað um þá þætti sem unnið er með í hverju tímabili og tileinki sér aðferðir jákvæðs aga. Að það heyrir í daglegu starfi að hér sé unnið eftir stefnu Jákvæðs aga.





4. Starfsþróunarsamtöl

Samtölin fóru fram á haustönninni. Starfsmenn fengu afhent blað með spurningum þannig að þeir gætu undirbúið sig undir samtalið. Flest allir starfsmenn fengu samtalið.

5. Fræðsla almennt út frá umbótáttum leikskólans

Skólaárið 2026-2027 mun fræðsla og starfsþróun byggjast á áframhaldandi vinnu okkar í LÆM. Við munum fá til okkar sérfræðinga frá Suðurmiðstöð til að vera með fræðslu og vinnuhópa hvernig við getum bætt okkur og þróað. Jákvæða aga teymið okkar ætlar að sjá um fræðslu tengda Jákvæðum aga og svo er stefnan tekin á að senda einn starfsmann af hverri deild ásamt einum starfsmanni úr sérkennsluteyminu á réttindanámskeið í Jákvæðum aga. Nú þegar hafa 7 starfsmenn sótt það námskeið.

Stefnan er tekin á námsferð vorið 2027 til Barcelona. Þar ætlum við að fá fræðslu um tilfinningastjórnun og núvitund fyrir leikskólabörn. Einnig munum við fá fræðslu um Jákvæðan aga ásamt því að fara í skólaheimsókn. Okkur langar mikið til þess að fá fræðslu og kynningu á Reggio Emilia í þessari ferð en við verðum að sjá til hvað tíminn leyfir.

Í apríl 2027 munum við svo taka þátt í menntastefnumótinu.

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Um miðjan maí 2026 hittust fulltrúar frá hverjum skóla og frístundinni til að skipuleggja samstarf næsta skólaárs. Áherslan verður lögð á góð samskipti skólanna og að kynna börnunum fyrir skóla- og frístundaumhverfinu. Börnin munu heimsækja bæði skólann og frístundina yfir skólaárið með mismunandi áherslum í hvert skipti. Einnig munu börn úr Hólabrekkuskóla koma í heimsókn í leikskólann. Það munu koma til okkar börn úr 1., 4. og 7. bekk. Í lok skólaársins verður svo boðað á fund um skil milli skólastiga.

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
2. október 2026	1. bekkur kemur í útiheimsókn í leikskólann.	Hraunborg	Hólabrekkuskóli og Hraunborg.
20. október 2026	Heimsókn í sal. Leikskólabörnin fara á viðburð í Hólabrekkuskóla.	Hólabrekkuskóli.	Hólabrekkuskóli og Hraunborg.





2.-6.nóvember 2026	Leikskólabörn fara í skoðunarferð um Hólabrekkuskóla.	Hólabrekkuskóli.	Hólabrekkuskóli og Hraunborg.
16.-20. nóvember 2026	Börn úr 7.bekk koma í heimsókn í leikskólann og lesa fyrir börnin í tilefni að Degi íslenskrar tungu.	Hraunborg.	Hólabrekkuskóli og Hraunborg.
26. janúar 2027	Heimsókn í sal. Leikskólabörn fara á viðburð í Hólabrekkuskóla.	Hólabrekkuskóli.	Hólabrekkuskóli og Hraunborg.
12. febrúar 2027	1.bekkur kemur í inniheimsókn í leikskólann.	Hraunborg.	Hólabrekkuskóli og Hraunborg.
15.-19. febrúar 2027	Börn úr 4.bekk koma með frumsamið ljóð í leikskólann og afhenda leikskólabörnunum.	Hraunborg.	Hólabrekkuskóli og Hraunborg.
8.-12. mars 2027	Leikskólabörnin skila börnin ljóðunum myndskreyttum í Hólabrekkuskóla.	Hólabrekkuskóli.	Hólabrekkuskóli og Hraunborg.
21. apríl 2027	Heimsókn í sal. Leikskólabörn fara á viðburð í Hólabrekkuskóla	Hólabrekkuskóli.	Hólabrekkuskóli og Hraunborg.
26. maí 2027	Leikskólabörnin heimsækja Álfheima.	Álfheimar.	Álfheimar og Hraunborg.
7. júní 2027	1.bekkur kemur í útiheimsókn í leikskólann.	Hraunborg.	Hólabrekkuskóli og Hraunborg.





7. Foreldrasamstarf

Það er öflugt foreldrafélag starfandi við leikskólann. Það eru ýmsir viðburðir sem foreldrafélagið hefur séð um eða komið að í samvinnu við leikskólann. Foreldrafélagið var fjórða árið í röð með bingó fyrir páskana og fengu þau hátíðarsalinn í Hólabrekkuskóla lánaðan. Bingóið var vel sótt og á foreldrafélagið stórt hrós skilið fyrir skipulagningu. Stefna foreldrafélagsins er að hafa þennan viðburð aftur fyrir páska á næsta skólaári.

Þegar jólaball leikskólans er haldið sér foreldrafélagið um að panta jólasveina og kaupa gjöf frá jólasveininum til barnanna. Í nóvember býður foreldrafélagið upp á leiksýningu fyrir börnin í tilefni af afmæli leikskólans. Fjórða árið í röð fóru elstu börnin í útskriftarferð í Vatnaskóg og greiddi foreldrafélagið þá ferð að hluta. Þessi ferð er nú þegar orðin að hefð hér í leikskólanum og mun foreldrafélagið halda áfram að greiða hluta þessara ferðar.

Þegar börnin útskrifast úr leikskólanum þá fá þau sundpoka með nafninu sínu í gjöf frá foreldrafélaginu.

Sumarhátíðin er alltaf haldin í góðu samstarfi við foreldrafélagið. Við sameinum opið hús og sumarhátíð og hefur það reynst okkur og foreldrum vel. Foreldrafélagið sér um að panta skemmtiatriði en leikskólinn hefur séð um veitingar á þessum degi.

Nýjum foreldrum er kynnt starfsemi foreldrafélagsins á aðlögunartíma barnsins. Foreldrar nýrra barna eru boðaðir á kynningarfund í júní þar sem leikskólinn er kynntur og foreldrar fylla út viðeigandi pappíra áður en barnið byrjar í aðlögun.

Foreldraviðtöl eru í september fyrir foreldra þeirra barna sem fluttust milli deilda og svo í október/nóvember fyrir foreldra nýju barnanna. Í mars eru svo viðtöl fyrir öll börnin. Flestir foreldrar nýta sér viðtölin.

Foreldraráð er starfandi við leikskólann en þeirra aðalhlutverk er að lesa yfir starfsáætlun og skólanámskrá. Leikskólastjóri sendir tölvupóst á alla foreldra að hausti og óskar eftir meðlimum í ráðið. Í dag eru 4 foreldrar í ráðinu. Foreldraráðið hefur komið mjög sterkt inn í sambandi við Reykjavíkurléiðina, hluti af þeim hefur mætt á kynningarfundina.





8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

- 18. september – allur dagurinn
- 27. nóvember – allur dagurinn
- 21. apríl – allur dagurinn (námsferð erlendis)
- 23. apríl – allur dagurinn (námsferð erlendis)
- 27. apríl – allur dagurinn (menntastefnumót)
- 10. maí – allur dagurinn

Sameiginlegar dagar með Hólabrekkuskóla verða 18.september, 27. nóvember og 27. apríl.





Nafn leikskóla: **Hraunborg**

Leikskóladagatal 2026 - 2027

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 M	1 M	1 F	1 Þ	1 Þ	1 F
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F
3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 F	5 M	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 L	6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 L
11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S	16 M	16 F	16 M	16 M	16 L	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 F
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 L
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ
21 F	21 M	21 M	21 L	21 F	21 F	21 S	21 S	21 M	21 F	21 M	21 M
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 M	22 M	22 L	22 F	22 Þ	22 F
23 S	23 M	23 F	23 M	23 M	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 F
24 M	24 F	24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 L
25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F	25 M	25 F	25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M	26 L	26 M	26 F	26 F	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 M	29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 F
30 S	30 M	30 F	30 M	30 F	30 L	30 M	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F
31 M	31 M	31 L	31 F	31 F	31 S	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M	31 L

Í reglum um leikskólajónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í leikskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólajöld lækka ekki vegna þessa. Einn dagur í febrúar er lokaður vegna veifarfríis og skráningardaga eru til. Foreldrar sem þurfa vistun á skráningardögum sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkur borgar taka að lögmarki tultuugu virka daga í sumartífi. Leikskólasiðjóni akveður, að hófu samráði við starfsmenn og foreldrar víkkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin all sumarið eða tók samféllt í tíu til tultuugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólasiðjónendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

9. Þróunarverkefni

Heiti á þróunarverkefni: Kynslóðir tengjast.

Helstu áherslur verkefnisins	<p>Verkefnið fjallar um að tengja nær samfélagið, skapa tengsl og veita börnum í leikskóla og eldri borgurum gleði. Verkefnið er afar mikilvægur hluti af þroska barna og þátttöku eldri borgara. Verkefnið er unnið út frá hugmyndum KrisztinuG.Agueda um þjálfun hreyfiþátta þessara hópa. Einnig er unnið út frá fyrirmynd frá Noregi sem ber heitið <i>Livsglede for eldre, Livsgledebarnehage</i>. Samkvæmt rannsóknum eru sterkar vísbendingar um að lyfjanotkun þeirra sem eldri eru getur dregist saman vegna þeirra ánægju og gleði sem félagstengsli veita og aukin jákvæðni mælist í hópnum (livsgledeforeldre.no). Einnig lítum við til fjölmennningar í barnahópnum þar sem börn af erlendum uppruna hafa oft ekki ömmur og afa í nærumhverfi sínu og fá þannig tækifæri í gegnum verkefnið til að kynnast eldra fólki. Þetta verkefni stuðlar að því að auka fjölbreytni í starfs- og kennsluháttum og að skapa vettvang og tækifæri fyrir aukna félagsfærni, tengslamyndun og eflandi samskipti sem eru almennar aðgerðir menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.</p>
Samstarfsaðilar	<p>Suðurmiðstöð – Krisztina Hálsaskógur – Bryndís Björk Gerðuberg – Mariska Seljahlíð – Guðrún Ósk</p>
Hver styrkir?	<p>Fengum ekki úthlutun í þetta skiptið en ætlum samt sem áður að halda áfram með verkefnið þar sem það veitir öllum þeim sem taka þátt mikla ánægju og gleði.</p>



Samstarf við nær umhverfið

Leikskólarnir Hraunborg, Hólaborg og Suðurborg hafa alltaf átt gott samstarf. Á síðast liðnu skólaári fóru leikskólarnir saman í útskriftarferð í Vatnaskóg með elstu börn leikskólans. Hraunborg og Hólaborg fara saman í íþróttahúsið við Austurberg einu sinni í viku í íþróttatíma á vegum Leiknis.

Samstarf við Hólabrekkuskóla hefur verið frekar einhliða, lítið um samráð, við fáum sent skóladagatal frá skólanum og eigum að velja okkur starfsdaga út frá því. Samstarfið hins vegar um skólaheimsóknir hefur verið mjög gott og iðulega farið fram á haustin en nú erum við búin að hittast og skipuleggja næsta skólaár í sameiningu, allir fjórir skólarnir saman.

Tónlistarskóli Sigursveins, elstu börnin okkar fóru í heimsókn í tónlistarskólann þar sem þau fengu að kynnst töfraheimi hljóðfæranna í kringum hið árlega samstarfsverkefni í kringum Barnameningarhátíðina.

Barnameningarhátíðin, elsti árgangurinn í leikskólanum tekur alltaf þátt í opunarhátíð Barnameningarhátíðarinnar þar sem börnin eru búin að æfa fyrir fram ákveðin lög og mæta svo í Hörpuna og syngja ásamt fjölda annarra leikskólabarna úr Reykjavík. Mikil ánægja var með verkefnið þetta árið en yfirskriftin í ár var Einn fyrir alla, allir fyrir einn – Dr. Gunni.

Bókasafnið í Gerðubergi, öll börnin fara í skipulagðar heimsóknir yfir skólaárið. Börnin kynnst bókasafninu í gegnum lestur og leik, þau sækja þangað skipulagðar sögustundir.

Samstarf við slökkviliðið, starfsmenn slökkviliðsins heimsækja okkur einu sinni á ári til að fræða elstu börnin um eldvarnir, taka út eldvarnir í leikskólanum og passa að þær séu allar í lagi. Elstu börnin sjá um mánaðarlegt eftirlit á öryggisþáttum eins og til dæmis að flóttaleiðir séu greiðar, hurðapumpur séu virkar og slökkvitæki séu aðgengileg.

Fella- og hólakirkja, í aðdraganda jólanna þá förum við heimsókn í kirkjuna og þar syngjum við saman jólalög og eigum skemmtilega stund saman. Eftir stundina þá fáum við piparkökur og djús í safnaðarheimilinu. Útskriftin okkar sem verður í júní 2026 verður einmitt haldinn í kirkjunni og eftir útskriftina verður Pálínuboð í safnaðarheimilinu. Einnig höfum við fengið lánað safnaðarheimilið fyrir námskeiðs- og skipulagsdaga.

Íþróttafélagið Leiknir, einu sinni í viku fara börnin í elsta árgangi í skipulagðan íþróttatíma í Austurberg þar sem þjálfari frá Leikni tekur á mótí þeim. Mikil ánægja er með þetta samstarf.

Gerðuberg, einu sinni í viku fer hluti af börnum í næst elsta árgangi í Gerðuberg að hitta hóp af eldri borgurum í tengslum við verkefnið Kynslóðir tengjast.



10. Fylgiskjöl:

10.1 Innra mat Þrastalands 2025-2026 Styrkleikar

Sjálfsprotinn leikur

- Börn hafa raunveruleg áhrif á val leikfanga og starfsfólk ber virðingu fyrir óskum þeirra og fylgist markvisst með áhugasviðum hvers barns.
- Myndræn merking á leikföngum og efniviði á vegg styður við sjálfstætt val barna, óháð málþroska þeirra.
- Aðstaða fyrir hreyfi- og ærslaleiki er örugg og vel skipulögð.
- Markviss skráning á leik barna fer fram í ferilmöppum og í Völu-appinu, sem gerir foreldrum og starfsfólki kleift að fylgjast með framvindu.
- Breytt skipulag á morgnanna – meira rými fyrir sjálfsprotinn leik (morgunmatur í innri stofu og leikur í ytri stofu).

Markviss tenging málörvunarstunda við almennt starf deildarinnar

- Málörvun er skipulögð og markviss - börn af erlendum uppruna og börn með slakari málþroska taka þátt í málörvunarstundum 2–3 sinnum í viku.
- Verkefnið Gefðu 10 er virkt og hvert barn af erlendum uppruna fær tíu mínútna einstaklingsmiðaða athygli frá hverjum starfsmanni í tvær vikur í senn.
- Námsefnið Orð eru ævintýri er nýtt í daglegum lestrarstundum og veggspjöld úr efninu styðja við samþættingu þema mánaðarins í daglegu starfi.
- Bækur sem börn koma með að heiman eru nýttar í sögustundum (hlutverk bókaorms), börn eru hvött til að segja frá upplifun sinni með hópnum.

Tækifæri

Sjálfsprotinn leikur

- Skapa frekara rými fyrir sjálfsprotinn leik með auknum sveigjanleika í skipulagi dagsins.

Markviss tenging málörvunarstundir við almennt starf deildarinnar

- Samræma þemu mánaðarins í málörvun við starf og áherslur á eldri deildum.
- Efla tengingu milli málörvunarstunda og daglegs starfs, meðal annars með skapandi verkefnum sem tengjast þemunum.
- Þróa verkefni og æfingar tengd málörvunarþemum sem nýtast í skipulögðu hópstarfi.

10.2 Umbótaáætlun Þrastalands 2026-2027

Þrastaland – 1 til 3 ára	
Umbótaþáttur	Markviss tenging málörvunartunda við almennt starf deildarinnar
Tækifæri til umbóta	<ul style="list-style-type: none">Efla tengingu milli málörvunarstunda og daglegs starfs, meðal annars með skapandi verkefnum sem tengjast þemunum.Samræma þemu mánaðarins í málörvun við starf og áherslur á eldri deildum.Þróa verkefni og æfingar tengd málörvunarþemum sem nýtast í skipulögðu hópastarfi.
Aðgerðir til umbóta	Skipuleggja sameiginlegan undirbúning þar sem starfsfólk málörvunar og deilda ræðir hvernig þemu má flétta inn í leik barna, samverustundir, list- og sköpunarverkefni, útiveru og daglegar venjur. Nota sömu hugtök, orð og tákni í daglegu tali starfsmanna til að styrkja endurtekningu og samhengi. Búa til verkefnabanka fyrir hvert þema.
Ábyrgð	Starfsfólk deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Áætlunin byrjar í ágúst og er hugsuð sem varanlegur þáttur í daglegu starfi, en ekki tímabundið verkefni með ákveðin lok.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Á deildarfundum einu sinni í mánuði.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Kennslugögn og efniviður tengdur þemunum er notaður á fleiri en einum vettvangi. Skipulagt hópastarf nýtir markvisst verkefni tengd málörvun. Reglulegar skráningar, athuganir eða umræður fara fram um árangur aðgerða. Niðurstöður eru ræddar á deildarfundum.



Præstaland 1 til 3 ára	
Umbótaþáttur	Jákvæður agi markvissari í daglegu starfi
Tækifæri til umbóta- Að hverju er stefnt?	<ul style="list-style-type: none"> • gera barnafundi markvissari • efla sjálfstæði barna • nota hvatningu frekar en hrós
Aðgerðir til umbóta- Hvernig á að framkvæma það?	<p>Barnafundir sem eru haldnir einu sinni í viku í tveimur hópum og eru fastir liðir í hópastarfi. Fundirnir hefjast á upphafslagi sem er mikilvægt til að skapa rútinu og endurtekningu. Á fundunum læra börnin að hlusta á aðra, bíða þolinmóð, virða tilfinningar annarra og upplifa að þau tilheyri sínum hópi. Börnin læra að hvetja og þakka fyrir sig. Þau syngja á fundum, það er lesið fyrir þau og farið í litla leiki.</p> <p>Efla sjálfstæði barna – Gefa börnum nóg af tækifærum til að æfa nýja færni og læra af mistökum sínum. Starfsfólk styður börn í að takast á við áskoranir, frekar en að leysa verkefni fyrir þau. Börn eru styrkt í að byggja upp seiglu, sjálfstraust og hæfni til að læra af reynslu. Sjálfstæði yngstu barnanna er stutt með því að gefa þeim tíma og tækifæri til að prófa sjálf í daglegum aðstæðum.</p> <p>Hvatning er veitt fyrir viðleitni, hún býr til tengingu milli starfsfólks og barna og hvetur börn til að læra, reyna og að taka áhættu. Hvatning lýsir umhyggju og getur skapað jákvæðan staðblæ á deildinni.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Starfsfólk ræðir reglulega muninn á hrósi og hvatningu á starfsmannafundum. • Skilgreina saman hvað felst í hvetjandi orðræðu gagnvart ungum börnum, t.d. að lýsa viðleitni, ferli og áhuga barnsins. • Setja upp einfaldar setningar eða dæmi á deildinni sem minna á hvetjandi orðalag (t.d. á kaffistofu eða í skipulagsmöppu). • Starfsfólk æfir sig í að lýsa því sem barnið gerir í stað þess að meta útkomuna. • Hvatning er markvisst notuð í daglegum rútinum (klæðnað, leik, matartímar) • Starfsfólk tekur eftir og hvetur þegar börn reyna aftur, leita lausna sjálf og sýna frumkvæði.
Ábyrgð	Deildarstjóri, teymi jákvæðs aga og starfsfólk deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Áætlunin hefst strax og er ekki með skilgreindan lokatíma, þar sem markmiðið er að hún verði hluti af daglegu starfi til framtíðar.





Hvenær og hvernig á að meta?	Á deildarfundum einu sinni mánuði
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Börn sýna aukið sjálfstæði í daglegum athöfnum, svo sem við að borða, klæða sig og ganga frá. Þau taka oftari frumkvæði, reyna sjálf áður en þau biðja um aðstoð og sýna aukið sjálfstraust. Börn endast lengur í verkefnum sem reynast þeim erfið og eru tilbúin að reyna aftur eftir mistök. Starfsfólk styður með jákvæðri hvatningu og grípur ekki inn í nema þörf krefji.



10.3 Innra mat Spóalands 2025-2026

Styrkleikar

- Tökum vel á móti börnunum með nafni þegar þau mæta og kveðjum þau með nafni í lok dags.
- Tölum við börnin og setjum orð á athafnir. Fengum talmeinafræðing á deildarfund sem fór yfir mikilvægi þess að tala stanslaust við börnin, þegar börn tala ekki að segja frá öllu sem við gerum með þeim.
- Leiðréttum börnin með því að endurtaka það sem þau segja með réttum orðum.
- Söngstundir einu sinni á dag.
- Virk hlustun
- Sjálfstæð í leik
- Mörg börn hugmyndarík í leik

Tækifæri

- Finna tíma fyrir sögustundir og getu skipta börnunum í sögustund svo allir fái bók/lestur við hæfi.
- Flæðilestur með börnum sem þurfa sérstaklega á því að halda, t.d. í Kubbabergi þegar börnin eru þar í leik.
- Nota bækur sem við eigum fyrir málörvun, eins og Orð eru ævintýri
- Skipta í minni hópa og loka hurðum á milli svæða.
- Sitja með yngri börnunum í leik
- Vera til staðar hjá eldri börnunum
- Minni hópar í leik

10.4 Umbótaáætlun Spóalands 2026-2027

Deild/aldur barna	Spóaland 2-4 ára
Umbótaþáttur	Málörvun á deild.
Tækifæri til umbóta	Að efla orðaforða barnanna í leik og daglegu starfi. Að börn með íslensku sem annað tungumál geti í lok skólaársins tjáð sig skiljanlega og hafi náð góðum tókum á málskilningi.
Aðgerðir til umbóta	Tala endalaust við börnin, sérstök áhersla lögð á börnin sem hafa lítinn málskilning og tjáningu og hafa íslensku sem annað mál. Starfsfólk verður búið að velja bók til að lesa fyrir vikuna, lesa hana og taka út orð til að útskýra. Í söngstundum verður búið að skoða lögin fyrir mánuðinn og finna útskýringar fyrir erfið orð og tala um um hvað lögin eru.
Ábyrgð	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – maí 2027.
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið á deildarfundum tvisvar sinnum á önn, september til að sjá hvar börnin standa, aftur í byrjun desember og svo í maí. Notað matstækið „Hvar stend ég“ og jafnvel „TRAS“ til að sjá framför.
Viðmið um árangur	Að skilningur hafi aukist hjá börnunum, þau tjái sig með orðum og það heyrist í þeim. Börnin geti talað fyrir framan hópinn ófeimin og sagt frá því sem þau hafa áhuga á.

Deild/aldur barna	Spóaland 2-4 ára
Umbótaþáttur	Jákvæður agi. Tilfinningar, samkennd og þróun félags- og tilfinninganáms.
Tækifæri til umbóta-	Að börn læri á tilfinningar sínar og geti sett þau í orð
Aðgerðir til umbóta	Að kenna börnum á mismunandi tilfinningar, að allar tilfinningar séu leyfðar og auka færni í að koma tilfinningum frá sér í orðum. Myndrænar tilfinningar uppá



	vegg , glaður, reiður , leiður og pirraður , byrjum á einni mynd t.d. glaður og svo framvegis
Ábyrgð	Allir starfsmenn deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – maí 2027.
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið annan hvern deildarfund. Skoða út frá KVAN hvar þau standa félagslega sem og málþroska
Viðmið um árangur	Að börnin geti tjáð sig og sýnt með myndum tilfinningar sínar án þess að grípa til ofbeldis.



10.5 Innra mat Lóulands 2025-2026

Styrkleikar

- **Málörvun og fyrirmyndir:** Við erum mjög meðvitaðar um að vera góðar málfyrirmyndir. Við nýtum okkur vel aðferðir eins og sjálftal og samhliðatal (e. self-talk and parallel talk) til að setja orð á athafnir og hvetjum börnin daglega til að nota leikskólamálið.
- **Leikurinn:** Við náðum markmiðinu að auka fjölbreytni og afmarka rýmið. Börnin hafa greiðara aðgengi að efnivið deildarinnar og eru orðin sjálfstæðari í að finna sér hluti til að gera, hvort sem það er að skapa eitthvað eða leika. Hugmyndarflugið er búið að aukast hjá börnunum og þau sjálf komin með kveikjur sem knúa leikinn áfram.

Tækifæri

- **Málörvun:** Hafa meira sjónrænt skipulag á deildinni. Vera með markvissari samræðulestur. Vera duglegar að grípa tækifærið í sjálfssprottnum leik og auka markvissar orðainnlagnir og útskýringar á nýjum hugtökum á meðan börnin leika.
- **Leikurinn:** Skipta þeim upp í smærri hópa til að minnka áreiti og gefa þeim færi á njóta leiksins betur. Gera skýrara fyrir börnunum hvenær ærslaleikur er í lagi og hvenær hann er kominn úr böndunum.

10.6 Umbótaáætlun Lóulands 2026-2027

Deild/aldur barna	Lóuland 4-6 ára
Umbótaþáttur	Málörvun
Tækifæri til umbóta	Að styrkja og auka orðaforða barnanna í gegnum leik og daglegt starf í leikskólanum. Áhersla er lögð á að börn sem hafa íslensku sem annað mál fái tækifæri til að efla bæði málskilning og tjáningu.
Aðgerðir til umbóta	Talað er markvisst og endurtekið við börnin yfir daginn, með sérstaka áherslu á börn sem hafa takmarkaðan málskilning. Starfsfólk nýtir fjölbreyttar aðferðir í kennslunni, þar á meðal með myndrænan stuðning. Í söngstundum eru notaðar myndir og myndrænir textar sem tengjast innihaldi laganna. Starfsfólk velur sér bók fyrir vikuna og tekur út lykilorð sem eru útskýrð sérstaklega fyrir börnunum. Orðin eru notuð á fjölbreyttan og lifandi hátt til að auka skilning og festu í námi.
Ábyrgð	Allt starfsfólk deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í september 2026 og mun verða partur af menningu deildarinnar.
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið á deildarfundum tvisvar á önn, september til að sjá hvar þau standa, svo endurmetið byrjun janúar og maí. Notumst við Hljóm 2 til að sjá hvar elstu börn standa í hljóðkerfisvitund.
Viðmið um árangur	Að loknu skólaári er stefnt að því að þau geti tjáð sig á skýran og skiljanlegan hátt og hafi góðan málskilningi.

Deild/aldur barna	Lóuland / 4-6 ára
Umbótaþáttur	Jákvæður agi
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að létta andrúmsloftið á deildinni og að starfsfólk geti verið betri tilfinningalegar fyrirmyndir fyrir börnin.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Senda starfsfólk sem á eftir að fara á námskeið. Nýta gögn innan hús til að finna lausnir, vera duglegar að nýta kennari hjálpar kennara.
Ábyrgð	Allir starfsmenn deildarinnar. Verðum duglegar að minna hvor aðra á hvað við getum bætt.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst september 2026. Markmiðið er að þetta verði partur af daglegu starfi og sé komið til að vera.



10.7 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027 Leikskólinn Hraunborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Ragnhildur Sigurðardóttir
Harpa Björk Hilmarsdóttir





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Foreldraráð telur áherslur starfsáætlunar hafi samræmst vel á síðasta skólaári. Markmiðin sem voru sett fram styðja vel við starf leikskólans og mikilvægt er að vinna markvisst að því yfir skólaárið að ná þeim markmiðum.

Börnum og starfsfólki virðist líða vel í leikskólanum og starfið er vel unnið.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Starfsáætlun Leikskólans Hraunborgar er á heimasíðu skólans en auðvelt er að finna heimasíðuna og þar kemur starfsáætlunin fljótt fyrir.

Hún er vel upp sett og auðlesin. Þar eru hugtök og stefnur útskýrðar svo að allir ættu að ná innihaldi áætlunarinnar.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?


Starfsáætlun leikskólans gefur góða innsýn í skipulag starfsins sem fer þar fram. Mörg áhugaverð verkefni eru þar í gangi, eins og t.d. breyttar áherslur með matmálstíma, samstarf leikskóla og grunnskóla og meiri samfella á milli skólastiga, LÆM verkefnið sem hefur verið í gangi í nokkurn tíma auk áherslu á málörvun og læsi á öllum deildum og þróunarverkefni kynslóðir tengjast sem ánægjulegt er að haldi áfram þrátt yfir að hafa ekki hlotið styrk.

Erú einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?


Miklar breytingar hafa átt sér stað á síðastliðnu skólaári þar sem að Reykjavíkurleiðinn var innleidd í leikskólum Reykjavíkur. Áhugavert er að fylgjast með því hvort þessar breytingar skila því sem til var ætlast.

Fulltrúar í foreldraráði:

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði



Ragnhildur Sigurðardóttir



Harpa Björk Hilmarsdóttir



